

Fundargerð

239. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn í Ráðhúsinu í Fellabæ miðvikudaginn 11. apríl, 2018 kl. 16:30.

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir af aðalmönnum og Aðalsteinn Ásmundsson og Sigvaldi H. Ragnarsson varamenn ásamt Guðmundi Davíðssyni framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum eru fjarverandi: Skúli Björnsson og Karl Lauritzen.

Dagskrá:

1. Opnun tilboða , Selás, Sólbrekka
2. Ylströnd Urriðavatn
3. Innkomin erindi
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Opnun tilboða

Framkvæmdastjóri skýrði frá tilboðum sem opnuð voru í dag, 11. apríl í endurnýjun hluta veitulagna í Selási og Sólbrekku á Egilsstöðum. Tilboð bárust frá 2 verktökum. Lægsta tilboð var frá Austurverki ehf. upp á kr. 11.776.948 kr., sem er 77% af kostnaðaráætlun. Ákveðið að taka tilboði Austurverks. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningum við viðkomandi.

2. Ylströnd Urriðavatni

Erindi hefur borist frá Heiði Vigfúsdóttur og Steingrími Birgissyni f.h. Ylstrandarinnar ehf., þar sem óskað er eftir viðræðum við HEF um frekari viðauka við áður gert samkomulag aðila, þar sem tekin yrði fyrir ósk Ylstrandarinnar um aukið magn heits vatns á ársgrundvelli, aukið magn heits vatns á álagstíma, stórnotendaafslátt frá gjaldskrá vegna kalds vatns og fyrirkomulag fráveitumála og eftir atvikum gjaldtöku í þeim efnum.

Ákveðið að stjórn HEF fundi með fulltrúum Ylstrandarinnar föstudaginn 13. apríl.

3. Innkomin erindi

Tvö erindi bárust frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands. Annars vegar kynningarbréf til aðila sem vinna með eða hafa á sínum vegum olúgeyma af einhverju tagi og eru á starfssvæði HAUST og erindi vegna Skriðdalsvegar á vatnsverndarsvæði. Lagt fram til kynningar



4. Önnur mál

Ráðning nýs framkvæmdastjóra.

8. mars sl. var gengið frá ráðningu Páls Breiðfjörð Pálssonar í starf framkvæmdastjóra HEF. Mun hann hefja störf 1. maí n.k. og mun hann starfa með núverandi framkvæmdastjóra fyrst um sinn.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 18:22.

Fundargerð ritaði Gunnhildur Ingvarsdóttir